

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Styrktarsjóð Arnarskóla.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Styrktarsjóður Arnarskóla og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Kópavogsbæ.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Markmið sjóðsins er að afla fjár og veita styrkjum til Arnarskóla ses., kt. 490517-1380, til að efla starfsemi skólans svo koma megi betur til móts við þarfir nemenda hans. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um framlög úr sjóðnum úr umsóknum frá framkvæmdarstjórn Arnarskóla. Ef styrktaraðilar óska eftir að styrkja ákveðin verkefni, þá heldur stjórn styrktarsjóðsins utan um þá styrki sérstaklega.

### 4. gr.

#### *Stofnandi.*

Stofnandi Styrktarsjóðs Arnarskóla er Kvenfélagið í Kópavogi, kt. 700371-2639. Stofnfé er gjöf til sjóðsins frá Kvenfélagi Kópavogs sem nemur 10.000.000 kr.

### 5. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé Styrktarsjóðs Arnarskóla er kr. 10.000.000, sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr.

### 6. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur til fimm einstaklingum. Í stjórn sjóðsins skal vera einn fulltrúi framkvæmdastjórnar Arnarskóla ses., einn til tveir fulltrúar foreldra barna í Arnarskóla og einn til tveir fulltrúar óháðir Arnarskóla. Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórninni en segi þeir sig úr stjórn skulu þeir tilnefna nýjan mann í sinn stað, og tekur hann sæti í stjórn háð samþykki meirihluta stjórnarmanna. Hverfi einstaklingur úr stjórn án þess að tilnefna annan í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann, og ræður meirihluti þeirri tilnefningu. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir störf sín.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

### 7. gr.

#### *Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 18. nóvember 2019,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*